

## **8. fundur stjórnar**

Starfsárið 2022-2023

29. ágúst 2022

**Viðstödd eru:** Agnes, Álfur, Bjarndís, Mars, Óli Alex, Vera, Þórhildur, Daníel (framkv.stj.),  
Sigga Ösp (áheyrnarfulltrúi félagaráðs)

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 17:08.

### **1. Samþykkt síðustu fundargerðar**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar verður birt á Slack von bráðar til samþykktar.

### **2. Dagsetning félagsfundar að hausti**

Stjórn ræðir mögulegar dagsetningar fyrir næsta félagsfund í haust, í október eða nóvember.

Stjórn list vel á laugardaginn 15. október. Stjórn sammála um að ræða betur dagskrá félagsfundar á næsta stjórnarfund.

### **3. Vinnustaðasálfræðingur**

Stjórn ræðir aðra heimsókn vinnustaðasálfræðings stjórn til ráðgjafar, og mögulega dagsetningu hennar.

### **4. Handtökumálið**

Stjórn til upplýsingar reifar framkvæmdastjóri framvindu í máli sem tengdist handtöku á hinsegin einstaklingi á Hinsegin dögum 2019, og aðkomu Samtakanna '78 að því máli. Stjórn fagnar farsælum málalyktum.

### **5. Opinber umræða og hlutverk stjórnar**

Stjórn ræðir viðbrögð forsvarsmanna Samtakanna við neikvæðri umfjöllun um hinsegin fólk í fjölmiðlum og hvernig stjórnarliðar tjá sig og komi fyrir á samfélagsmiðlum og öðrum opinberum vettvangi. Stjórn er samþykkt því að stíga varlega til jarðar í þeim efnum. Stjórn ræðir og hlutverk Samtakanna á víðari grundvelli.

### **6. Slack**

Stjórn ræðir notkun Slack í stjórnarsamstarfinu. Álfur mælir fyrir skýrum farveg til að vísa málum af Slack á stjórnarfund. Stjórn er samþykkt því. Stjórn ræðir umræðuhefð og hlutverk Slack í stjórnarstarfinu.

### **7. Trúnaðarmál**

Stjórn ræðir trúnaðarmál.

### **8. Næstu fundir stjórnar**

Stjórn ræðir dagsetningu bústaðarferðar stjórnar og fellst á helgina 7.-9. október nk.

Formaður stingur upp á næsta stjórnarfund 12. september. Stjórn samþykkir.

### **9. Önnur mál**

- a. Sigga Ösp stingur upp á útgáfu upplýsingaefnis um viðbrögð verði það vitni að fordómum eða hatursglæpum o.s.frv. Stjórn tekur vel í þá hugmynd og sendir boltann á skrifstofu.

- b. Þórhildur spyr um styrkveitingar NIKK og hvort Samtökin hyggi á að sækja um í þann sjóð. Stjórn ræðir.

**Fundi slitið: 18:44.**